

Skýrsla stjórnar 12. maí 2003 til 10. maí 2004

Stjórn félagsins, kosin á 4. aðalfundi 12. maí 2003, skiptist þannig: Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður, tengiliður við stjórnunarsvið; Svava H. Friðgeirsdóttir varaformaður, tengiliður við fræðslu- og ráðstefnusvið. Lilja Ólafsdóttir, gjaldkeri, tengiliður við fjármálasvið; Guðbjörg Harðardóttir ritari, viðheldur félagatali; Vala Nönn Gautsdóttir meðstjórnandi, vefstjóri og tengiliður við fag- og útgáfusvið. Vala hefur tekið skrifstofuvaktina í vetur, uppfært félagatal og heimasíðu. Á heimasíðuna eru nú reglulega settar inn fréttir af því sem er á döfinni hjá félaginu og í bókasafnaheiminum. Greidd er þóknun fyrir skrifstofuvaktina og auk þess var á síðastliðnu ári hafið að greiða formanni mánaðarlega þóknun fyrir störf fyrir félagið. Í framtíðinni er stefnt að því að ráða starfsmann til félagsins. **Skrifstofa félagsins** er opin tvær klst. á viku á fimmtudögum kl. 16-18 frá okt. til nóv. og 15. jan. til 15. maí.

Alls voru haldnir **19 (15) stjórnarfundir** á starfsárinu þar sem stjórn fundaði ýmist ein eða með öðrum. Hér verður **almennt drepíð á helstu verkefni** sem stjórn félagsins hefur unnið að. Stjórnin dreifir reglulega á heimasíðu félagsins, með póstlistanum *bokin* og/eða í *Fregnum fréttum af framvindu þeirra* verkefna sem unnið er að. Auk neðanritaðs var unnið almennt að uppbyggingu og skipulagningu félagsins og svaraði stjórnin ýmsum fyrirspurnum sem bárust sem voru óvenju margar á árinu. BHM vill selja Lág múlann svo **húsnæðismál** félagsins gætu orðið í uppnámi á næstu árum.

Sótt er um **styrki** til ráðstefnu- og fundafærða og til ýmissa sérverkefna. Menntamálaráðuneytið veitir félaginu árlega styrki til fjölpjódlegs samstarfs. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til að sækja ráðstefnu IFLA í Berlín. Þá hefur Norræna ráðherranefndin veitt ferðastyrki vegna norræns samstarfs. Á árinu 2003 veitti menntamálaráðuneytið styrk til útgáfu fræðsluefnis um upplýsingatækni. Upplýsing á **aðild að eftirfarandi félagasamtökum**: Bókasambandi Íslands, Fagráði um upplýsingatækni, IBBY, EBLIDA, IASL, IFLA og NVBF. Þrjú bókasöfn buðu Upplýsingu að vera við opnun sína.

Stjórnin sendi á haustdögum **kynningarefni um málefni bókasafna til allra ráðherra og alþingismanna** (Fregnir 3/2003, s. 6-7) m.a. í tilefni af skipun Nefndar um lög um bókasöfn, sem sagt var frá á síðasta aðalfundi (Fregnir 2/2003, s. 4 og 3/2003, s. 4-5). **Nefnd um lög um bókasöfn** skilaði niðurstöðum í janúar 2004 (Fregnir 1/2004, 4-5).

Stjórnin sendi m.a. **IFLA athugasemdir varðandi félagsgjöldin** og **Norrænu ráðherranefndinni áskorun um að styrkja samstarf á sviði bókasafns- og upplýsingamála** þrátt fyrir niðurlagningu NORDINFO.

Samkvæmt beiðni menntamálaráðuneytisins tilnefndi stjórnin **aðalfulltrúa og varafulltrúa í ráðgjafanefnd um málefni almenningsbókasafna til 3ja ára** (Hólmkell Hreinsson og Hulda Björk Þorkelsdóttir). Ennfremur tilnefndi stjórnin fulltrúa í **Faghóp um millisafnalán** (Halldóra Kristbergsdóttir).

Á starfsárinu fundaði stjórnin **tvisvar með fulltrúum félagsins í stjórn NVBF** en samráðsfundur stjórnar og fulltrúanna er jafnan haldinn fyrir stjórnarfundum NVBF haust og vor. Fréttir af stjórnarfundum NVBF eru birtar í *Fregnum* (sjá 1/2003, s. 19-20 og 3/2003, s. 29). Auk þess fundaði stjórnin m.a. með **ritnefnd Bókasafnsins** til að endurskoða starfssamning við ritnefndina. **Samráðsfundur** var með Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) og annar með SBU og Skorinni í bókasafns og upplýsingafræði við Háskóla Íslands til eflingar samstarfi milli þessara aðila.

Á starfsárinu sóttu samtals 37 (33) um **aðild að félaginu**, 30 (26) einstaklingur, 5 (1) nemar, og 1 (7) stofnun. Þeim hafa verið send bréf og lög félagsins. Alls bárust stjórn 4 (11) úrsagnir, 4 (9) einstaklingar og engin (2) stofnun.

Í lok starfsársins höfðu samtals 427 (417) **greitt félagsgjald** fyrir árið 2003, 357 (324) einstaklingar, 3 (30) nemar og 67 (63) stofnanir. Ógreidd árgjöld fyrir árið 2003 (miðað við 31. mars) eru alls 41 (96), enginn (5) nemi, 37 (78) einstaklingar og 4 (13) stofnanir. Félagsgjöldin eru meginstöð félagsins og því mikilvægt að þau skili sér reglulega til félagsins.

Samkvæmt lögum félagsins er stjórninni heimilt að **taka af félagaskrá** þá sem ekki hafa greitt árgjöld tvö ár í röð og um síðustu áramót voru 27 (43) teknir af skrá, 1 nemi, 5 stofnanir og 21 með einstaklingsaðild. Í **byrjun febrúar voru greiðsluseðlar fyrir árgjald 2004 sendir út** með gjalddaga 15. mars og eindaga 5. apríl. Í ljósi hárra póstgjalda hefur stjórnin mótað þær verklagsreglur að hafi félagismaður ekki greitt 2004 árgjaldið fyrir 5. apríl fær hann ekki *Fregnir* og *Bókasafnið* fyrr en skil hafa verið gerð svo virkir félagar hafi sem minnstan kostnað af þeim sem ekki greiða árgjöldin.

Stjórn Upplýsingar hefur mótað stefnu um að félagsmenn njóti betri kjara, allt að 25% afsláttar, en utanfélagsmenn á námskeiðum og viðburðum sem staðið er fyrir innan vébanda félagsins og stjórn og/eða félagsmenn eiga þátt í að skipuleggja. Gildir þetta m.a. um endurmenntunarnámskeið og Landsfund bókavarda.

Útgáfustarfsemi - viðurkenningar – kynningarstarf

Í apríl/maí ár hvert er tímaritið *Bókasafnið* gefið út sem er **fagtímarit á sviði bókasafns- og upplýsingafræða**. Sérstök ritnefnd hefur veg og vanda af útgáfu blaðsins. Blaðið er birt á Netinu undir slóðinni www.bokasafnið.is.

Stjórn félagsins gaf út **þrjú tölublöð Fregna - Fréttabréfs Upplýsingar** á starfsárinu (júní, nóvember og mars). Árið 2003 var blaðið samtals 152 (128) síður. Í fréttabréfinu eru birtar frásagnir og skýrslur um starfsemi ýmissa fulltrúa og nefnda á vegum Upplýsingar, fréttir og greinar um það sem er á döfinni í bókasafnaheiminum á Íslandi og erlendis, auk frásagna af forvitnilegum ráðstefnum sem félagsmenn hafa sótt. Félagsmenn eru ötulir við skrif í bæði þessi rit.

Í júní 2001 var gerður samningur við Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðing um **ritun Sögu íslenskra bókavardafélaga** og um haustið var stofnuð fimm manna ritnefnd. Bókin er nú komin í próförk og stefnt er því að útgáfu nú í júní. Þjónustumiðstöð bókasafna, Fjármálaráðuneytið, Menningarsjóður og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hafa styrkt útgáfuna. Framvinduskýrslur um verkið hafa birst reglulega í *Fregnum* (2/2001, s. 47-48; 3/2001, s. 3, 1/2002, s. 4, 2/2002, s. 22, 2/2003, s. 14-15 og 1/2004, s. 64 og með því blaði fylgdu póntunareyðublöð.

Bæklingur um **fræðsluefni um nýtingu á upplýsingatækni** liggur nú fyrir í handriti og stefnt er að útgáfu hans á heimasíðu félagsins og á prentuðu formi fyrir haustið. Menntamálaráðuneyti hefur veitt styrk til verkefnisins að upphæð kr. 350.000 (2001) og kr. 1.000.000 (2003).

Á aðalfundi Upplýsingar nú eru árvissar **viðurkenningar fyrir bestu íslensku fræðibækur** ársins (2003) veittar í 12. sinn (Fræðibokaorða Upplýsingar). Ákveðið hefur verið að **Veforða Upplýsingar** – viðurkenning fyrir besta vef bókasafns eða upplýsingamiðstöðvar á Íslandi (Fregnir 1/2002) verði veitt á sama tíma og NVBF veitir orðuna.

Stjórninni barst boð frá Statens Kulturråd um að **tilnefna til verðlauna úr minningarsjóði** Astrid Lindgren. Upplýsing tilnefndi Guðrúnu Helgadóttur og Sumarlestur Bæjar- og héraðsbókasafn Selfoss (Fregnir 2/2003, s. 34 og 3/2003, s. 3).

Á starfsárinu hefur stjórn Upplýsingar unnið áfram að **kynningu á félaginu** og á heimasíðunni er efni um félagið. Stjórnin bauð **nemum í bókasafns- og upplýsingafræði á kynningarfund** þann 24. október 2003 (Fregnir 3/2003, s. 57).

Ráðstefnur - fræðslufundir

Formaður Upplýsingar ásamt nokkrum öðrum félagsmönnum sóttu **69. árlegu ráðstefnu IFLA** sem haldin var í Berlín 1.-9. ágúst 2003 (*Fregnir* 28/3, s. 18-21). Upplýsing á nú tvo fulltrúa í fastanefndum IFLA. Ann Clyde á sæti í School Libraries and Resource Centres Section og Þórdís T. Þórarinsdóttir í Classification and Indexing Section. Heimsókn fráfarandi og þáverandi forseta IFLA er fyrirhuguð til Íslands 22. ágúst 2005 í tengslum við þing IFLA í Osló 2005.

Gjaldkeri Upplýsingar ásamt fulltrúa frá Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA) sótti **Anglo-Scandinavian ráðstefnu fyrir almenningsbókasöfn** 17.-20. maí 2003. Upplýsingur var boðið að senda tvo fulltrúa og bauð stjórnin SFA að eiga annan fulltrúann (*Fregnir* 2/2003, s. 25 og 3/2003, s. 34-41). Eingöngu þurfti að greiða ferðir.

Formaður og varaformaður sóttu fund formanna og framkvæmdastjóra norræna bókavardafélaga, **Nordisk bibliotekforeningsmóte**, sem haldinn var í Kaupmannahöfn dagana 15. og 16. maí 2003. Á fundinum var m.a. fjallað um samstarfsverkefni norrænu félaganna og þátttöku þeirra í alþjóðlegu samstarfi. (*Fregnir* 2/2003, bls. 23-25).

Stjórn Upplýsingar stóð fyrir **Málþingi um áhrif viðskiptasamninga á starfsemi bókasafna** í Þjóðarbókhöllu þann 9. október 2003 (*Fregnir* 3/2003, s. 30-31).

Formaður og varaformaður sóttu ráðstefnuna **Nett i Norden um samvinna almenningsbókasafna** á Norðurlöndunum í Vetre í Asker sem er rétt utan við Osló. NORDBOK styrkti ráðstefnuna svo aðeins þurfti að greiða ferðakostnað. Á ráðstefnunni var gefið yfirlit yfir norræna samvinnu og fram kom að hún væri mikilvæg. (*Fregnir* 1/2004, s. 16-17)

Formaður var í **sendinefnd Íslands á Leiðtogafundinum um upplýsingasamfélagið (WSIS)** sem haldinn var í Genf 10.-12. desember en IFLA kom sjónarmiðum bókasafnaheimsins á þar á framfæri (*Fregnir* 3/2003, s. 8-10 og 1/2004, s. 7-8)

Jólagleði Upplýsingar 2003 var haldin í Bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 5. desember síðastliðinn og var gleðin jafnframt 25 ára afmælishátíð Þjónustumiðstöðvar bókasafna. Jólagleðin var samkvæmt venju ókeypis fyrir fullgilda félagsmenn Upplýsingar, veitingar og skemmtiatriði voru í boði Þjónustumiðstöðvar bókasafna.

Í tilefni af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni stóð stjórn Upplýsingar þann 5. febrúar fyrir **Ráðstefnu um norrænt samstarf um bókasafns- og upplýsingamáli** sem haldin var í KHÍ og HA með hjálp fjarfundabúnaðar. Alls var sagt frá 14 mismunandi samstarfshópum. Í marshefti *Fregna*, 1/2004, s. 17-35 var fjallað um ráðstefnuna.

Formaður og gjaldkeri sóttu ráðstefnuna Creating Public Paradise. Public Libraries in the 21st Century sem hollenska ríkisstjórnin bauð til í Haag í tilefni af formennsku þeirra í Evrópuráðinu (*Fregnir* 1/2004, s. 8-10).

Fulltrúar félagsins (Hildur Baldursdóttir og Sigrún Jóna Kristjánsdóttir) sóttu fund **Norræns samstarfshóps um barnastarf** í Alingsås (Svíþjóð) 12.-13. mars sl. Fjallað var m.a. um norræna farandsýningu og IFLA 2005 í Osló. *Fregnir* næst.

Fimmtudaginn 25. mars stóð stjórn Upplýsingar í samstarfi við LBS-HBS fyrir **kynningarfundum um stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið**. Guðbjörg Sigurðardóttir verkefnisstjóri kynnti (*Fregnir* 1/2004, s. 5-6).

Þriðjudaginn 6. apríl stóð stjórn Upplýsingar fyrir **kynningu á nýju meistaranámi í bókasafns- og upplýsingafræði – MLIS** við Félagsvísindadeild. Kynningin fór fram í Lögbergi. Jóhanna Gunnlaugsdóttir skorarformaður kynnti námið (*Fregnir* 3/2003, s. 55-57 og 1/2004, s. 48-52)

Laugardaginn 20. mars síðastliðinn stóð Fræðslu- og skemmtinefnd fyrir **fyrirlestri í Ársafni um nýju íslensku glæpa-söguna**. Fyrirlesari var Katrín Jakobsdóttir (*Fregnir* 1/2004, s. 57).

Upplýsing á aðild að hinni árlegu **Gerðubergsráðstefnu um börn og barnamenningu** sem haldin var 27. mars síðastliðinn. Fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefnd er Inga Kristjánsdóttir (*Fregnir* 1/2004, s. 52-53). Daginn áður boðuðu almenningsbókasöfnin í Arborg til Þallarfundar um Ljóð unga fólksins 2003 og lestur og lestrarmenningu.

Formaður sækir árlegan **fulltrúaráðsfund EBLIDA** í Estoril, Portúgal, 14.-15. maí nk. Frásögn í næstu *Fregnum*.

Auk þess styrkti Upplýsing eftirfarandi **fjölbjóðlegar ráðstefnur sem haldnar voru hér á landi** á satrsárinu: *ARLIS Norden ráðstefnu*, Akureyri 12. til 14. júní (*Fregnir*, 1/2003, s. 42 og 3/2003, s. 42-43), *Creating Knowledge III*, Akureyri 25. til 26. september (*Fregnir* 1/2003, bls. 45 og 3/2003, s. 25-27) og Norrænan fundur um lögfræðiupplýsingar, Reykjavík 12. og 13. júní 2003. Ennfremur styrkti félagið ljóðasamkeppni Þallar 2003 (*Fregnir* 3/2003, s. 61-62).

Vorráðstefna NVBF verður haldin í Reykjavík dagana 7. og 8. júní 2004 næstkomandi. Yfirskrift ráðstefnunnar er *At skabe organisationer med mennesker i centrum – medarbejderne og brugeren*. Formaður undirbúningsnefndar er Ásgerður Kjartansdóttir. (*Fregnir* 3/2003, s. 59 og 1/2004, s. 59-60)

Upplýsing á aðild að **XII NORD I&D ráðstefnunni** sem haldin verður í Álaborg 1.-3. september næstkomandi. Fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefnd er Kristín Geirsdóttir (*Fregnir* 3/2004, s. 60 og 1/2004, s. 60).

Þriðji Landsfundur Upplýsingar verður haldinn á Hótel Sögu dagana 16. og 17. september nk. sem er 17. Landsfundur bókavarda frá upphafi. Yfirskrifin er *Sameinum kraftana* (*Fregnir* 3/2003, s. 61 og 1/2004, s. 59). LBS-HBS hefur veg og vanda af fundinum og er Bryndís Ísaksdóttir formaður landsfundarnefndar.

Menntunarmál - kynnisferðir

Upplýsing stendur fyrir **endurmenntunarnámskeiðum í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands**. Skuldlausir félagar fá 10% afslátt af námskeiðum á sviði bókasafns- og upplýsingafræði. Haustönn: Áfengi og vímuefni í bókum fyrir börn og unglínga, Íslenskar samtímabókmenntir, Starf með börnum og unglíngum á bókasöfnum, Mat upplýsinga á vefnum, Stjórn Bókasafna og upplýsingamiðstöðva. Vormissiri: Markaðssetning bókasafna og Skráning gagna.

Aðalverkefni verkefnisstjórnar um námsefnisgerð í séráföngum bókasafnstækni (Hulda Björk Þorkelsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir) var að **gera samninga við höfunda námsefnis** (*Fregnir* 1/2003, s. 5). Upplýsing hefur **áheyrnarfulltrúa hjá Starfsgreinaráði upplýsinga- og fjölmiðlagreina**. Formaður er aðalfulltrúi og Hulda Björk Þorkelsdóttir varafulltrúi.

Úr **Ferðasjóði Upplýsingar** er í ár úthlutað 18 (6) styrkjum, að upphæð kr. 20.000 eða 10.000. Fjórir (fimm) sóttu styrkina fyrir árið 2003. Stjórn hefur sett þá verklagsreglu að styrkþegar greini frá verkefnum sínum í *Fregnum*.

Störf faghópa og fulltrúa

Innan vébanda Upplýsingar fer fram **öflugt starf í ýmsum nefndum og stjórnnum** sem fulltrúar félagsins taka þátt í og er það starf eðlilega drjúgur hluti hins faglegra starfs félagsmanna. Yfirlit um þá starfsemi verður flutt á hér á fundinum og skýrslur um starfsemina ásamt skýrslu stjórnar verða birtar í næsta tölublaði *Fregna*.

Stjórn Upplýsingar flytur öllum þeim sem starfa fyrir félagið á einn eða annan hátt alúðarþakkar og ennfremur öllum þeim félagsmönnum sem halda merki Upplýsingar á lofti með störfum í þágu félagsheildarinnar.

Að síðustu vill undirrituð **þakka stjórnarmönnum samstarfið og frábært vinnuframlag þeirra í þágu félagsins**.

f.h. stjórnar Upplýsingar - Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður